

Greinargerð

**um áætlaða rekstrarstöðu
heilbrigðisstofnana í árslok 2000**



RÍKISENDURSKOÐUN

Nóvember 2000

Efnisyfirlit

INNGANGUR OG HELSTU NIÐURSTÖÐUR.....	5
ÁÆTLUÐ FJÁRÞÖRF HEILBRIGÐISSTOFNANA Á ÁRINU 2000	7
AFKOMA HEILBRIGÐISSTOFNANA Á FYRRI HELMING ÁRSINS 2000.....	9
RÁÐSTAFANIR TIL AÐ BÆTA FJÁRMÁLASTJÓRN HEILBRIGÐISSTOFNANA.....	11
FJÁRHAGSYFIRLIT.....	15
ÁÆTLUÐ ÚTKOMA Í SAMANBURÐI VIÐ FJÁRLÖG 2000.....	17
ÁÆTLUN 2000 Í SAMANBURÐI VIÐ ÚTKOMU 1999	19
SAMANBURÐUR LAUNA 1998 - 2000.....	25
AFKOMA SJÚKRASTOFNANA JANÚAR TIL JÚNÍ 2000.....	27

Inngangur og helstu niðurstöður

Í júlímánuði sl. birti Ríkisendurskoðun greinargerð um fjárhagsstöðu heilbrigðisstofnana í árslok 1999 og áætlun fyrir árið 2000. Þar var m.a. greint frá því að stofnunin áformaði að gera úttekt á fjárhagsstöðu og afkomu heilbrigðisstofnana á fyrri helming þessa árs. Gert var ráð fyrir að hún lægi fyrir í septembermánuði sl. Um sama leyti var 87 heilbrigðisstofnunum send bréf þar sem óskað var eftir upplýsingum um afkomu á fyrri hluta ársins og um áætlaða afkomu í árslok 2000.

Helstu niðurstöður könnunarinnar eru eftirfarandi:

- Samkvæmt áætlun heilbrigðisstofnana gera þær ráð fyrir að fjárþörf umfram fjárheimildir fjárlaga fyrir árið 2000 nemi um 880 milljónum króna. Á grundvelli mats á afkomuhorfum heilbrigðisstofnana telur stofnunin að fjárþörf þeirra stefni í að verða allt að 1,5 milljarðar króna.
- Ástæðu aukinnar fjárþarfar má einkum rekja til þess að áætlað er að launaútgjöld umfram forsendur fjárlaga muni nema 1,1 milljarði króna. Það sem eftir stendur, þ.e. um 400 milljónir króna, er vegna annarra rekstrargjalda að frádregnum sértekjum.
- Á liðnum verðlags- og launamál í fjárlögum og frumvarpi til fjárukalaga fyrir árið 2000 sem nú er til afgreiðslu á Alþingi er gert ráð fyrir framlagi til heilbrigðisstofnana að fjárhæð rúmlega 800 milljónir króna. Að teknu tilliti til þess og að því gefnu að Alþingi fallist á tillögu í frumvarpi til fjárukalaga má ætla að fjárvöntun heilbrigðisstofnana muni nema rúmlega 600 milljónum króna í árslok 2000. Sú fjárvöntun skiptist þannig að mati stofnunarinnar að 250 milljónir króna er vegna launa og rúmlega 350 milljónir króna vegna annarra gjalda. Meginhluti fjárvöntunarinnar tengist 7 heilbrigðisstofnunum.
- Fjárheimild heilbrigðisstofnana í septembermánuði 2000 nam alls 36,0 milljörðum króna sem er 1,8 milljarða króna hækkun frá niðurstöðum rekstrar þessara stofnana á öllu árinu 1999 og samsvarar það 5% hækkun.
- Fjárþörf heilbrigðisstofnana á fyrri helmingi ársins 2000 er um 700 milljónum króna hærrí en áætlanir gerðu ráð fyrir.
- Að mati Ríkisendurskoðunar hafa bæði ráðuneyti heilbrigðis og fjármála gripið til þeirra ráðstafana sem mælt var fyrir um við afgreiðslu fjárlaga á Alþingi fyrir árið 2000. Hins vegar eru sum verkefni það skammt á veg komin að ekki er að svo stöddu hægt að mæla árangur af þeim.

Áætluð fjárförf heilbrigðisstofnana á árinu 2000

Fjárheimildir heilbrigðisstofnana í septembermánuði sl. námu 35,9 milljörðum króna. Þar af eru um 700 milljónir króna vegna millifærslu af safnliðum fjárlaga árið 2000 sem tengjast heilbrigðismálum. Stofnanirnar áætla nú að fjárförf þeirra á árinu nemi 36,8 milljörðum króna sem er um 800 milljónum króna meira en fjárheimildir gera ráð fyrir. Niðurstöðutölur ársreiknings heilbrigðisstofnana á árinu 1999 sýna fjárförf er nemur 35,1 milljarði króna sem er um 5% lægri fjárhæð en áætlanir ársins 2000 gera ráð fyrir.

Áætluð fjárförf heilbrigðisstofnana á árinu 2000

Í m.kr.	Áætlun	Fjárheim.	Frávik		Útkoma 1999	Frávik	
			fjárh.	%		fjárh.	%
Deildarskipt sjúkrahús	23.002	22.492	510	2,3	22.169	323	3,8
Sjúkrahús- og heilsug.st.	3.534	3.488	46	1,3	3.387	101	4,3
Heilsugæslustofnanir	2.450	2.447	3	0,1	2.346	101	4,4
Hjúkrunarheimili	4.101	3.966	135	3,4	3.774	192	8,7
Daggjaldastofnanir	3.761	3.572	189	5,3	3.401	171	10,6
Samtals	36.848	35.965	883	2,5	35.077	1.771	5,0

Verðlagsforsendur fjárlaga gerðu ráð fyrir 3% hækkun milli árána 1999 og 2000 og því til viðbótar 1% hækkun launaliða hjá tilteknum aðilum. Hins vegar gerir Ríkisendurskoðun ráð fyrir að fjárförf heilbrigðisstofnana hækki milli ára um 7% sem er 3,5 - 4% meira heldur en verðlagsforsendur fjárlaga ársins 2000 gerðu ráð fyrir.

Rúmlega 2/3 af heildarfjárförf heilbrigðisstofnana er vegna launaútgjalda. Í áætlun stofnananna er gert ráð fyrir að launaútgjöld nemi 28,5 milljörðum króna samanborið við 26,7 milljarða króna á árinu 1999 og nemur hækkunin um 6,8%. Frá árinu 1998 hafa launaútgjöld hækkað um tæp 22%.

Samanburður launa árabilið 1998 - 2000

Í m.kr.	2000	'00/'99	1999	'99/'98	1998	'00/'98
	Áætlun		Útkoma		Útkoma	
Deildarskipt sjúkrahús	17.040.960	6,3	16.026.639	12,0%	14.315.173	19,0
Sjúkra- og heilsug.st.	2.875.039	6,3	2.704.567	10,8%	2.441.256	17,8
Heilsugæslustofnanir	2.072.744	6,1	1.954.456	25,2%	1.561.375	32,8
Hjúkrunarheimili	3.273.402	10,1	2.974.446	15,0%	2.585.438	26,6
Daggjaldastofnanir	3.291.848	7,3	3.067.622	21,4%	2.527.479	30,2
Samtals	28.553.993	6,8	26.727.730	14,1%	23.430.721	21,9

Í fjárlögum fyrir árið 2000 var gert ráð fyrir að laun myndu hækka um 3% í byrjun þessa árs og því til viðbótar var gert ráð fyrir allt að 1% hækkun launa hjá tilteknum

starfsstéttum hins opinbera. Í athugasemd með frumvarpi til fjárukalaga fyrir árið 2000 segir m.a.

„Af launabreytingum umfram það sem gert var ráð fyrir í fjárlögum vegur þyngst um 710 m.kr. kostnaður stofnana vegna kjarasamninga við verkalyðsfélög, félög iðnaðarmanna o.fl.... Einnig er gert ráð fyrir nálægt 75 m.kr. framlagi vegna aukins launakostnaðar heilbrigðisstofnana sem tekið hafa upp sérstakt framgangskerfi fyrir hjúkrunarfræðinga og breytingar á kjörum sjúkraflutningsmanna hjá heilbrigðisstofnunum.“

Ríkisendurskoðun telur að launaútgjöld heilbrigðisstofnana geti hækkað milli ára um allt að 8%. Meginskýringin á hækkun launa umfram forsendur fjárlaga 2000 skýrist m.a. af því eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarp til fjárukalaga þessa árs. Þar koma aðallega til kjarasamningar sem gerðir hafa verið við starfsstéttir á hinum almenna vinnumarkaði og vegna framgangskerfis fyrir hjúkrunarfræðinga. Skýringin á mismunandi prósentuhækkun bæði á milli heilbrigðisstofnana og ára stafar fyrst og fremst af því að framkvæmd kjarasamninga er nokkuð breytileg í tíma hjá einstökum aðilum.

Heilbrigðisstofnanir áætla að önnur útgjöld að frádregnum sértekjum á árinu 2000 nemi um 8,3 milljörðum króna sem er svo til sama fjárhæð og á árinu 1999

Samanburður á öðrum gjöldum 2000 - 1999

Í m.kr.	Áætlun	Útkoma	Frávik	
	2000	1999	fjárh.	%
Deildarskipt sjúkrahús	5.961	6.142	(181)	(2,9)
Sjúkra- og heilsug.st.	659	683	(24)	(3,5)
Heilsugæslustofnanir	377	392	(15)	(3,8)
Hjúkrunarheimili	828	799	29	3,6
Daggjaldastofnanir	470	334	136	40,7
Samtals	8.295	8.350	(55)	(0,7)

Áætlun heilbrigðisstofnana á öðrum rekstrargjöldum á árinu 2000 er að mati stofnunarinnar nokkuð óraunhæfar m.t.t. útkomu ársins 1999. Ríkisendurskoðun telur að önnur rekstrargjöld muni nema allt að 8,7 milljörðum króna og hækki um 4% milli ára.

Afkoma heilbrigðisstofnana á fyrri helming ársins 2000

Heilbrigðisstofnanir gerðu ráð fyrir í áætlunum sínum að heildarfjárförf að frádregnum sértekjum yrði á fyrri helming þessa árs 17,7 milljarðar króna sem svarar til tæplega 48% af áætlunum ársins í heild. Heildarfjárförf varð aftur á móti 18,4 milljarðar króna eða um 700 milljónum króna hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Afkoma heilbrigðisstofnana janúar - júní 2000

I m.kr.	Útkoma	Áætlun	Frávik	
			fjárh.	%
Deildarskipt sjúkrahús	11.279	10.897	382	3,5
Sjúkra- og heilsug.st.	1726	1654	72	4,4
Heilsugæslustofnanir	1174	1080	94	8,7
Hjúkrunarheimili	2044	1951	93	4,8
Daggjaldastofnanir	2178	2157	21	1,0
Samtals	18.401	17.739	662	3,7

Helstu frávik eru að launaútgjöld urðu 300 milljónum króna hærri en áætlun gerði ráð fyrir, sértekjur 85 milljónum króna hærri og önnur gjöld tæplega 500 milljónum króna.

Ráðstafanir til að bæta fjármálastjórn heilbrigðisstofnana

Við aðra umræðu á Alþingi um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2000 voru framlög til heilbrigðisstofnana hækkuð um tæpa 1,5 milljarða króna í kjölfar endurmats á rekstrarkostnaði stofnananna. Hækkuninni var ætlað að gera forstöðumönnum kleift að samræma rekstrarkostnað fjárheimilda ársins 2000 og að hann yrði innan fjárheimilda. Að öðrum kosti er gert ráð fyrir að fjárveiting verði felld niður með fjárukalögum ársins 2000.

Við sömu umræðu á Alþingi gerði formaður fjárlaganefndar m.a. grein fyrir aðgerðum sem grípa ætti til.

- Gera skyldi samning milli heilbrigðisráðuneytis og heilbrigðisstofnana þar sem skýrt kæmi fram hver fjárframlög væru á hverjum tíma og að stjórnir bæru ábyrgð á að rekstur þeirra væri innan fjárheimilda.
- Erindisbréf stjórnenda heilbrigðisstofnana skyldu endurskoðuð.
- Taka skyldi upp reiknilíkön við skiptingu fjárveitinga á milli stofnana til að tryggja að fjárframlög til heilbrigðisstofnana séu ákvörðuð með hlutlægum hætti. Hina nýju skipan skyldi taka upp við gerð fjárlaga fyrir árið 2001.
- Bæta skyldi uppgjör og allt upplýsingastreymi hjá heilbrigðisstofnunum.
- Setja skyldi reglur sem koma ættu í veg fyrir að stofnanir geti stofnað til yfirdráttar hjá lánastofnunum og ríkisféhirði.

Þá var gert ráð fyrir að Ríkisendurskoðun gæfi Alþingi skýrslu um hvort og með hvaða hætti viðkomandi ráðuneyti og stjórnendur heilbrigðisstofnana hafi gripið til framangreindra aðgerða.

Ríkisendurskoðun hefur athugað með hvaða hætti viðkomandi ráðuneyti hafa staðið að aðgerðum þeim sem mælt er fyrir um hér að framan. Helstu niðurstöður þeirrar athugunar eru þessar:

Í desember 1999 og í janúar 2000 átti ráðherra heilbrigðismála og starfsmenn ráðuneytisins fundi með formönnum stjórnna heilbrigðisstofnana og helstu yfirmönnum þeirra. Þar var m.a. gerð grein fyrir fjárveitingu á árinu 2000 og áréttað að stofnanir skyldu halda rekstri innan heimilda. Þá óskaði heilbrigðisráðuneytið eftir því við stofnanir að þær skiluðu rekstraráætlun ársins 2000 fyrir lok janúar sl. og að þriggja mánaða uppgjör lægi fyrir ekki seinna en í lok aprílmánaðar þessa árs og að gert yrði 6 mánaða og 8 mánaða rekstraruppgjör.

Á árinu 2000 voru gefin út erindisbréf til handa formönnum stjórna 37 heilbrigðisstofnana. Þar kemur m.a. fram að formennirnir skuli tryggja og bera ábyrgð gagnvart ráðherra á að:

- Stjórnin geri þróunar- og rekstraráætlanir fyrir stofnunina í samráði við stjórnendur.
- Stjórnin hafi eftirlit með starfsemi stofnunarinnar í samræmi við ákvæði laga um heilbrigðisþjónustu og að stofnunin veiti þá heilbrigðisþjónustu sem lög gera ráð fyrir.
- Stjórnin hafi eftirlit með að rekstur sé innan ramma fjárlaga á hverjum tíma.
- Stjórnin geri ráðherra viðvart ef starfsemi og þjónusta er ekki í samræmi við ákvæði laga um heilbrigðisþjónustu.
- Stjórnin geri ráðherra viðvart ef rekstur er ekki í samræmi við fjárlög.

Enn fremur voru gefin út 37 erindisbréf til handa framkvæmdastjórum heilbrigðisstofnana. Framkvæmdastjóri er embættismaður og um réttindi hans og skyldur fer að lögum nr. 70/1996. Helstu verkefni framkvæmdastjóra eru:

- Dagleg stjórnun, ráðning starfsmanna og ábyrgð á starfsmannahaldi.
- Ábyrgð á fjárreiðum og á því að rekstur sé ávallt í samræmi við fjárlagaheimildir.
- Gerð starfs- og fjárhagsáætlana í samráði við stjórn.
- Stuðla að gæðaþróun og árangursmati
- Vinna að samhæfingu þjónustupátta.
- Þróa bókhald stofnunarinnar og reikningsskil.

Verklagsreglur um framkvæmd fjárlaga, rekstur og stjórnun ríkisstofnana í A-hluta sem gilda við framkvæmd fjárlaga fyrir árið 2000 voru gefnar út af fjármálaráðuneyti í upphafi þessa árs. Í 1. grein verklagsreglna segir að markmið með þeim séu:

„Markmið verklagsreglna þessara er að stuðla að skilvirkum rekstri ráðuneyta og stofnana þannig að hann verði innan heimilda fjárlaga og að stjórnendur beri ábyrgð á fjárreiðum í samræmi við 49. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, og ákvæði laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Í rekstri ráðuneyta og ríkisstofnana skal virða fjárheimildir og þau lög og reglur sem um starfsemina gilda. Stjórnendur skulu enn fremur vinna að stefnumótun og samningsgerð í samræmi við sjónarmið um árangursstjórnun í ríkisrekstri. Jafnframt skulu stjórnendur gæta þess að fylgt verði einstökum markmiðum og stefnumiðum sem sett kunna að verða af þar til bærur aðilum.“

Heilbrigðisráðuneytið hefur gert árangursstjórnunar- og þjónustusamninga við 7 heilbrigðisstofnanir og áformað er að ljúka samningi við 8 heilbrigðisstofnanir til viðbótar fyrir lok þessa árs. Þá hefur ráðuneytið skipað starfshóp til að endurskoða fjármögnunarkerfi heilbrigðisstofnana. Einnig hefur ráðuneytið gefið út reglugerð um svonefnt RAI mat og hafa daggjaldtaxtar á árinu 2000 til einstakra hjúkrunarheimila verið ákveðnir á grundvelli þess matskerfis m.v. hjúkrunarþyngd frá árinu 1998. Verið er að vinna að reiknilíkani sem áformað er að ljúka fyrir næstu áramót í sambandi við þessa nýju skipan. Enn fremur hefur verið ákveðið að fara af stað með tilraunaverkefni á Landspítala - háskólasjúkrahúsi frá og með næstu áramótum. Tilraunaverkefnið felst í því að greina alla þjónustu kvenlækningasviðs í samræmi við svonefnt DRG kerfi.

Með vísan til framangreinds telur Ríkisendurskoðun að stjórnvöld hafi gripið til þeirra aðgerða sem gert var ráð fyrir við afgreiðslu fjárlaga þessa árs. Hins vegar eru mörg verkefni það skammt á veg komin að ekki er að svo stöddu hægt að mæla árangur af þeim.

Fjárhagsyfirlit

- a) Áætluð útkoma í samanburði við fjárlög 2000
- b) Áætlun 2000 í samanburði við útkomu 1999
- c) Samanburður launa 1998 - 2000
- d) Afkoma sjúkrastofnana janúar til júní 2000.

Áætluð útkoma í samanburði við fjárlög 2000

Allir flokkar	Sértekjur	Launagjöld	Ö. gjöld	Afkoma	Framla	Mism
Fjárheimild	2.941.372	-28.014.629	-10.891.848	-35.965.105	35.965.105	0
Útkoma	-3.156.990	28.553.993	11.451.603	36.848.606	-35.965.105	883.501
Samtals	-215.618	539.364	559.755	883.501	0	883.501
1 Deildaskipt sjúkrahús						
Fjárheimild	1.339.200	-16.984.483	-6.847.119	-22.492.402	22.492.402	0
Útkoma	-1.383.041	17.040.960	7.343.752	23.001.671	-22.492.402	509.269
	-43.841	56.477	496.633	509.269	0	509.269
2 Sjúkra- og heilsug.st.						
Fjárheimild	227.900	-2.822.012	-894.215	-3.488.327	3.488.327	0
Útkoma	-244.200	2.875.039	903.074	3.533.913	-3.488.327	45.586
	-16.300	53.027	8.859	45.586	0	45.586
3 Heilsugæslustofnanir						
Fjárheimild	222.400	-2.057.298	-612.331	-2.447.229	2.447.229	0
Útkoma	-239.918	2.072.744	617.514	2.450.340	-2.447.229	3.111
	-17.518	15.446	5.183	3.111	0	3.111
4 Hjúkrunarheimili						
Fjárheimild	205.400	-3.070.424	-1.100.513	-3.965.537	3.965.537	0
Útkoma	-338.065	3.273.402	1.165.583	4.100.920	-3.965.537	135.383
	-132.665	202.978	65.070	135.383	0	135.383
5 Daggjaldastofnanir						
Fjárheimild	946.472	-3.080.412	-1.437.670	-3.571.610	3.571.610	0
Útkoma	-951.766	3.291.848	1.421.680	3.761.762	-3.571.610	190.152
	-5.294	211.436	-15.990	190.152	0	190.152
Samtals	-215.618	539.364	559.755	883.501	0	883.501

Áætlun 2000 í samanburði við útkomu 1999

Allir flokkar		Áætlun 2000	Útk 1999	Mismunur	Frávik
	1 Sértekjur	-3.156.990	-3.404.353	247.363	-7,3%
	2 Launagjöld	28.553.993	26.727.729	1.826.264	6,8%
	3 Önnur gjöld	11.451.603	11.754.224	-302.621	-2,6%
	Samtals allir flokkar	36.848.606	35.077.600	1.771.006	5,0%
1	Deildaskipt sjúkrahús				
	1 Sértekjur	-1.383.041	-1.698.895	315.854	-18,6%
	2 Launagjöld	17.040.960	16.026.639	1.014.321	6,3%
	3 Önnur gjöld	7.343.752	7.841.137	-497.385	-6,3%
		23.001.671	22.168.880	832.791	3,8%
2	Sjúkra- og heilsug.st.				
	1 Sértekjur	-244.200	-258.492	14.292	-5,5%
	2 Launagjöld	2.875.039	2.704.567	170.472	6,3%
	3 Önnur gjöld	903.074	940.810	-37.736	-4,0%
		3.533.913	3.386.884	147.029	4,3%
3	Heilsugæslustofnanir				
	1 Sértekjur	-239.918	-259.548	19.630	-7,6%
	2 Launagjöld	2.072.744	1.954.456	118.288	6,1%
	3 Önnur gjöld	617.514	651.516	-34.002	-5,2%
		2.450.340	2.346.424	103.916	4,4%
4	Hjúkrunarheimili				
	1 Sértekjur	-338.065	-332.857	-5.208	1,6%
	2 Launagjöld	3.273.402	2.974.446	298.956	10,1%
	3 Önnur gjöld	1.165.583	1.132.349	33.234	2,9%
		4.100.920	3.773.939	326.981	8,7%
5	Daggjaldastofnanir				
	1 Sértekjur	-951.766	-854.560	-97.206	11,4%
	2 Launagjöld	3.291.848	3.067.622	224.226	7,3%
	3 Önnur gjöld	1.421.680	1.188.412	233.268	19,6%
		3.761.762	3.401.474	360.288	10,6%
	Samtals	36.848.606	35.077.600	1.771.006	5,0%

	<i>Áætlun 2000</i>	<i>Útk1999</i>	<i>Mismunur</i>	<i>Frávik %</i>
1 Deildaskipt sjúkrahús				
358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	2.155.046	2.006.983	148.063	7,4%
371 Landsspítali - háskólasjúkrahús	18.387.419	17.762.464	624.955	3,5%
400 St. Jósefspítali, Hafnarfirði	436.800	441.053	-4.253	-1,0%
711 Heilbrigðisstofnunin Akranesi	847.111	803.600	43.511	5,4%
785 Heilbrigðisstofnunin Selfossi	529.400	513.740	15.660	3,0%
791 Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum	645.895	641.040	4.855	0,8%
Deildaskipt sjúkrahús	23.001.671	22.168.880	832.791	3,8%
2 Sjúkra- og heilsug.st.				
715 St.Fransiskuspítali, Stykkishólmi	191.300	188.913	2.387	1,3%
721 Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði	131.180	128.774	2.406	1,9%
725 Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ	447.182	428.224	18.958	4,4%
731 Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík	84.900	77.041	7.859	10,2%
735 Heilbrigðisstofnunin Hólmavík	67.454	67.599	-145	-0,2%
741 Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga	147.100	137.169	9.931	7,2%
745 Heilbrigðisstofnunin Blönduósi	219.600	203.365	16.235	8,0%
751 Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	434.415	398.842	35.573	8,9%
755 Heilbrigðisstofnunin Siglufirði	220.450	211.809	8.641	4,1%
761 Heilbrigðisstofnunin Húsavík	387.240	381.125	6.115	1,6%
777 Heilbrigðisstofnun Austurlands	866.142	830.377	35.765	4,3%
781 Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	336.950	333.648	3.302	1,0%
Sjúkra- og heilsug.st.	3.533.913	3.386.884	147.029	4,3%

	<i>Áætlun 2000</i>	<i>Útk1999</i>	<i>Mismunur</i>	<i>Frávik %</i>
3 Heilsugæslustofnanir				
505 Heilsugæsla í Reykjavík	685.454	588.087	97.367	16,6%
510 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	316.146	401.801	-85.655	-21,3%
515 Heilsugæslustöðin Lágmúla	79.032	78.539	493	0,6%
522 Heilsugæslustöðin Borgarnesi	60.403	59.159	1.244	2,1%
524 Heilsugæslustöðin Ólafsvík	46.974	51.608	-4.634	-9,0%
525 Heilsugæslustöðin Grundarfirði	24.325	21.738	2.587	11,9%
526 Heilsugæslustöðin Búðardal	44.661	41.485	3.176	7,7%
551 Heilsugæslustöðin Ólafsfirði	25.312	25.057	255	1,0%
552 Heilsugæslustöðin Dalvík	38.730	40.683	-1.953	-4,8%
553 Heilsugæslustöðin Akureyri	202.875	179.559	23.316	13,0%
558 Heilsugæslustöðin N-Pingeyjarsýslu	68.077	62.197	5.880	9,5%
568 Heilsugæslustöðin Höfn	57.040	51.814	5.226	10,1%
571 Heilsugæslustöðin Kirkjub.kl.	22.385	20.993	1.392	6,6%
572 Heilsugæslustöðin Vík	22.608	23.199	-591	-2,5%
574 Heilsugæslustöðin Rangárþingi	52.900	54.456	-1.556	-2,9%
576 Heilsugæslustöðin Laugarási	37.695	40.657	-2.962	-7,3%
578 Heilsugæslustöðin Hveragerði	26.950	23.043	3.907	17,0%
579 Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn	22.700	19.753	2.947	14,9%
582 Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	161.900	159.483	2.417	1,5%
583 Heilsugæslustöðin Garðabæ	71.228	58.589	12.639	21,6%
584 Heilsugæslustöðin Kópavogi	196.500	170.548	25.952	15,2%
585 Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi	110.800	103.163	7.637	7,4%
586 Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ	75.645	70.815	4.830	6,8%
Heilsugæslustofnanir	2.450.340	2.346.424	103.916	4,4%

	<i>Áætlun 2000</i>	<i>Útk1999</i>	<i>Mismunur</i>	<i>Frávik %</i>
4 Hjúkrunarheimili				
368 Sólvangur, Hafnarfirði	355.193	334.375	20.818	6,2%
408 Sunnuhlíð, Kópavogi	189.773	181.442	8.331	4,6%
409 Hjúkrunarheimilið Skjól	378.000	355.425	22.575	6,4%
410 Hjúkrunarheimilið Eir	437.000	380.229	56.771	14,9%
411 Garðvangur, Garði	147.500	146.196	1.304	0,9%
412 Hjúkrunarheimilið Skógarbær	315.399	304.867	10.532	3,5%
413 Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum	243.197	223.468	19.729	8,8%
414 Dvalarheimilið Lundur, Hellu	71.871	70.345	1.526	2,2%
415 Dvalarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði	56.522	52.944	3.578	6,8%
416 Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði	66.057	60.514	5.543	9,2%
417 Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn	23.295	21.452	1.843	8,6%
420 SÁÁ	352.800	275.696	77.104	28,0%
421 Víðines	149.600	151.440	-1.840	-1,2%
422 Hlaðgerðarkot	52.300	48.431	3.869	8,0%
430 Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurh.stofnun	249.767	226.452	23.315	10,3%
431 Heilsustofnun NLFÍ	264.994	257.371	7.623	3,0%
432 Vistheimilið Bjarg	29.600	27.625	1.975	7,1%
435 Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða	54.900	53.829	1.071	2,0%
490 Vistun ósakhæfra afbrotamanna	112.198	106.158	6.040	5,7%
496 Hjúkrunarheimilið Hlíð, Akureyri	430.701	380.982	49.719	13,1%
497 Skjólgarður, Höfn	120.253	114.698	5.555	4,8%
Hjúkrunarheimili	4.100.920	3.773.939	326.981	8,7%

	<i>Áætlun 2000</i>	<i>Útk1999</i>	<i>Mismunur</i>	<i>Frávik %</i>
5 Daggjaldastofnanir				
811 Seljahlíð, Reykjavík	132.806	158.223	-25.417	-16,1%
815 Dalbær, Dalvík	69.625	67.276	2.349	3,5%
819 Hjallatún, Vík	30.452	26.804	3.648	13,6%
821 Höfði, Akranesi	145.574	133.187	12.387	9,3%
823 Hraunbúðir, Vestmannaeyjar	72.423	62.459	9.964	16,0%
825 Barmahlíð, Reykhólum	29.929	33.116	-3.187	-9,6%
827 Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi	62.933	48.871	14.062	28,8%
829 Fellaskjól, Grundarfirði	19.479	12.401	7.078	57,1%
833 Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi	26.102	24.342	1.760	7,2%
835 Jaðar, Ólafsvík	20.948	21.925	-977	-4,5%
837 Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustur	51.523	47.333	4.190	8,9%
841 Hrafnista, Reykjavík	649.759	573.762	75.997	13,2%
843 Hrafnista, Hafnarfirði	523.589	440.452	83.137	18,9%
845 Grund, Reykjavík	554.688	495.700	58.988	11,9%
847 Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	205.800	196.418	9.382	4,8%
849 Kumbaravogur, Stokkseyri	135.818	139.754	-3.936	-2,8%
851 Fellsendi, Búðardal	36.258	32.202	4.056	12,6%
853 Reykjalandur, Mosfellsbæ	698.956	724.108	-25.152	-3,5%
857 Gistiheimili RKÍ, Reykjavík	40.000	35.225	4.775	13,6%
863 Hlíðarbær, Reykjavík	25.400	25.041	359	1,4%
865 Lindargata, Reykjavík	24.800	23.686	1.114	4,7%
867 MS-félagið Íslands, Reykjavík	38.900	42.326	-3.426	-8,1%
869 Múlabær, Reykjavík	36.700	36.863	-163	-0,4%
881 Holtsbúð, Garðabæ	84.000	0	84.000	
883 Uppsaliir, Fáskrúðsfirði	45.300	0	45.300	
Daggjaldastofnanir	3.761.762	3.401.474	360.288	10,6%
<i>Samtals</i>	<i>36.848.606</i>	<i>35.077.600</i>	<i>1.771.006</i>	<i>5,0%</i>

Samanburður launa 1998 - 2000

	2000	'00/'99	1999	'99/'98	1998	'00/'98
Deildaskipt sjúkrahús	17.040.960	6,3%	16.026.639	12,0%	14.315.173	19,0%
Sjúkra- og heilsug.st.	2.875.039	6,3%	2.704.567	10,8%	2.441.256	17,8%
Heilsugæslustofnanir	2.072.744	6,1%	1.954.456	25,2%	1.561.375	32,8%
Hjúkrunarheimili	3.273.402	10,1%	2.974.446	15,0%	2.585.438	26,6%
Daggjaldastofnanir	3.291.848	7,3%	3.067.622	21,4%	2.527.479	30,2%
<i>Samtals</i>	28.553.993	6,8%	26.727.729	14,1%	23.430.721	21,9%

Afkoma sjúkrastofnana janúar til júní 2000

Allir flokkar	Útik Jan - Áceti jan-jún	Frávík	Fjárl 2000	Áceti 2000	Frávíki
1 Sértekjur	-1.355.886	-84.009	-2.941.372	-3.156.990	215.618
2 Launagjöld	13.899.827	261.817	28.014.629	28.553.993	-539.364
3 Önnur gjöld	5.858.448	485.483	10.891.848	11.451.603	-559.755
4 Ríkisframlag	18.402.389	663.291	35.965.105	36.848.606	-883.501
	-17.556.268	-83.894	-35.965.105	-35.965.105	0
	-17.556.268	-83.894	-35.965.105	-35.965.105	0
Samtals allir flokkar	846.121	579.397	0	883.501	-883.501

1 Deildaskipt sjúkrahús

1 Sértekjur	-872.594	-40.486	-1.339.200	-1.383.041	43.841
2 Launagjöld	8.382.759	133.593	16.984.483	17.040.960	-56.477
3 Önnur gjöld	3.769.403	289.389	6.847.119	7.343.752	-496.633
4 Ríkisframlag	11.279.568	382.496	22.492.402	23.001.671	-509.269
	-10.823.037	-44.863	-22.492.402	-22.492.402	0
	-10.823.037	-44.863	-22.492.402	-22.492.402	0
Deildaskipt sjúkrahús	456.531	337.633	0	509.269	-509.269

Greinargerð um áætlaða rekstrarstöðu heilbrigðisstofnana í árslok 2000

	Útk Jan - Áætl jan-jún	Frávik	Fjárl 2000	Áætl 2000	Frávik1
2 Sjúkra- og heilsug.st.					
1 Sértekjur	-133.341	-9.565	-227.900	-244.200	16.300
2 Launagjöld	1.382.409	19.435	2.822.012	2.875.039	-53.027
3 Önnur gjöld	477.078	62.703	894.215	903.074	-8.859
4 Ríkisframlag	1.726.146	72.573	3.488.327	3.533.913	-45.586
	-1.642.497	-15.722	-3.488.327	-3.488.327	0
	-1.642.497	-15.722	-3.488.327	-3.488.327	0
Sjúkra- og heilsug.st.	83.649	56.851	0	45.586	-45.586
3 Heilsugæslustofnanir					
1 Sértekjur	-120.276	-4.729	-222.400	-239.918	17.518
2 Launagjöld	964.414	40.945	2.057.298	2.072.744	-15.446
3 Önnur gjöld	329.715	57.736	612.331	617.514	-5.183
4 Ríkisframlag	1.173.853	93.952	2.447.229	2.450.340	-3.111
	-1.153.922	-59.230	-2.447.229	-2.447.229	0
	-1.153.922	-59.230	-2.447.229	-2.447.229	0
Heilsugæslustofnanir	19.931	34.722	0	3.111	-3.111

	Útk Jan - Áætl jan- jún	Frávik	Fjárl 2000	Áætl 2000	Frávik1
--	-------------------------	--------	------------	-----------	---------

4 Hjúkrunarheimili

1 Sértekjur	-114.972	-16.278	-205.400	-338.065	132.665
2 Launagjöld	1.583.220	77.669	3.070.424	3.273.402	-202.978
3 Önnur gjöld	576.141	31.697	1.100.513	1.165.583	-65.070
4 Ríkisframlag	2.044.389	93.088	3.965.537	4.100.920	-135.383
	-1.829.609	68.783	-3.965.537	-3.965.537	0
	-1.829.609	68.783	-3.965.537	-3.965.537	0
Hjúkrunarheimili	214.780	161.871	0	135.383	-135.383

5 Daggjaldastofnanir

1 Sértekjur	-114.703	-12.951	-946.472	-951.766	5.294
2 Launagjöld	1.587.025	-9.825	3.080.412	3.291.848	-211.436
3 Önnur gjöld	706.111	43.958	1.437.670	1.421.680	15.990
4 Ríkisframlag	2.178.433	21.182	3.571.610	3.761.762	-190.152
	-2.107.203	-32.862	-3.571.610	-3.571.610	0
	-2.107.203	-32.862	-3.571.610	-3.571.610	0
Daggjaldastofnanir	71.230	-11.680	0	190.152	-190.152

Samtals

	846.121	579.397	0	883.501	-883.501
--	---------	---------	---	---------	----------